

Ed.

238. Frumvarp til laga

[133. mál]

um sparifjársöfnun ungmenna.

Flm.: Jón Þorsteinsson.

1. gr.

Hvert islenskt barn, fætt eftir 31. des. 1964, skal, eftir að því hefur verið nafn gefið, fá afhenta söfnunarbók frá Landsbanka Íslands með tvö hundruð króna innistæðu að gjöf. Gjafafé þetta endurgreiðir Seðlabankinn til Landsbankans. Söfnunarbók skal skráð á nafn barns og jafnframt getið fæðingardags og fæðingarárs.

Innistæður i söfnunarbókum skulu lúta ákvæðum laga þessara.

2. gr.

Innistæður i söfnunarbókum skulu bera almenna innlánsvexti, eins og þeir eru á hverjum tíma hjá Landsbanka Íslands. Að auki skulu innistæðurnar vera vísitölu tryggðar, þannig að innistæða, sem staðið hefur heilt almanaksár i bók, skal i árslok verðbætt með vísitöluuppbót, er svari til þess, sem meðalframfærsluvísitala ársins, sem er að ljúka, er hærri en meðalframfærsluvísitala ársins á undan. Vísitöluupp-

bót, sem nemur broti úr prósentu, skal sleppt. Vísitöluuppbætur greiðast eigi á vexti, en vextir skulu hins vegar greiddir af innistæðu í heild, þar með töldum vísitöluuppbótum.

3. gr.

Hverjum sem er skal heimilt að leggja inn peninga á söfnunarbók ungmennis án þess að hafa bókina undir höndum, en innleggjandi skal fylla út tilskilin eyðublöð, sem Landsbankinn lætur gera úr garði. Á þessi innlegg skal litið sem gjöf til ungmennis. Leggja má inn í Landsbankann eða útibú hans svo og í sparisjóði, þar sem Landsbankaútibú eru ekki starfandi.

4. gr.

Óheimilt er að greiða út innistæðu í söfnunarbók, fyrr en ungmenni hefur náð 21 árs aldri. Þó má greiða út fyrr, ef ungmenni gengur í hjónaband, ef bú þess er tekið til gjaldprotaskipta eða ungmenni fellur frá.

5. gr.

Fé það, sem safnast í söfnunarbækur ungmenna, skal Landsbankinn ávaxta með því að kaupa vísitöluþryggð skuldabréf húsnæðismálastjórnar.

6. gr.

Ýtarlegri reglur um sparifjársöfnun ungmenna skulu settar með reglugerð í samráði við Landsbanka Íslands.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Markmið þessa lagafrumvarps er:

- 1) Að efla sparnað, en draga úr eyðslusemi meðal æskufólks í landinu, en tryggja jafnframt, að sparifé unga fólksins rýrni ekki vegna sífellt aukinnar verðbólgu.
- 2) Að veita hverjum sem er tækifæri til að gefa barni eða unglíngi peningagjöf, sem verði ekki eyðslueyrir, heldur ávöxtuð og varðveitt til þess tíma, er ungmennið hefur meiri þörf fyrir fjármuni og meiri skilning á meðferð þeirra.
- 3) Að skapa sérhverjum ungum manni, sem hefur vilja og getu til að spara peninga, hagstæða aðstöðu til að eiga myndarlega fjárupphæð til ráðstöfunar við 21 árs aldur, þegar margvíslegar fjárfestingarþarfir kalla að, svo sem til heimilisstofnunar, íbúðarbyggingar, framhaldsmenntunar, þátttöku í atvinnurekstri eða annars þess konar.
- 4) Að tryggja aukið lánsfé til íbúðabygginga.

Þegar þess er gætt, að árlega fæðast nærri 5000 börn hér á landi, er auðsætt, að sparifjársöfnun samkvæmt frumvarpi þessu gæti á einum áratug numið hundruðum milljóna, og innan tveggja áratuga gæti söfnunin í heild verið komin yfir eitt þúsund milljónir.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Sparnaðarkerfið mundi hefjast frá og með 1. jan. 1965, enda nauðsynlegt að veita nokkurt svigrúm til undirbúnings. Landsbankinn verður að fylgjast með fæðingu og skírni barna hjá þjóðskránni og senda hverju barni sína söfnunarbók, þegar því hefur verið gefið nafn.

Um 2. gr.

Þar sem innistæður í söfnunarbókum eru bundnar til mjög langs tíma, er óhjákvæmilegt að greiða vísitöluuppbætur á innistæður, enda gæti söfnunin að

öðrum kosti misst marks, þar sem menn óttast sífellt verðryrnun peninganna. Visitöluuppbót á sparifé er nýmæli, sem er líklegt til að verka sem hvatning til sparnaðar.

Reglur um visitöluuppbætur gætu verið með ýmsum hætti. Til skýringar á þeim reglum, sem settar eru fram í greininni, má taka eftirfarandi dæmi: Meðalframfærsluvisitala ársins 1969 væri 220 stig, en framfærsluvisitala ársins 1970 237 stig. Innistæða í söfnunarbók án vaxta væri í ársbyrjun 1970 kr. 5000.00. Visitalan hefur þá hækkað um 17 stig eða um 7.7%. Visitöluuppbót, sem færð yrði inn í bókina í árslok 1970, næmi því 7% af kr. 5000.00, þ. e. kr. 350.00.

Um 3. gr.

Nauðsynlegt er að veita þeim, sem vilja gefa ungmenni peningagjöf, aðstöðu til að leggja inn á söfnunarbók án fyrirhafnar. Maður á Akureyri, sem vildi t. d. gefa barni í Reykjavík fjárupphæð í fermingargjöf, þarf ekki annað en inna greiðsluna af höndum til Landsbankaútibúsins á Akureyri og taka fram nafn barnsins, fæðingardag og fæðingarár. Bankinn sér síðan um, að peningaupphæðin verði færð inn í bók barnsins í Reykjavík.

Um 4. gr.

Miðað er við, að ungmenni fái söfnunarfjárhæðina með vöxtum og visitöluuppbótum greidda út, þegar það verður fjárráða. Á því aldursskeiði hefur ungt fólk einnig að jafnaði mikla þörf fjármuna til að undirbyggja framtíð sína.

Um 5. gr.

Þar sem visitöluuppbót er greidd af innistæðum, er nauðsynlegt, að féð sé lánað út gegn visitöluþryggingu, og kemur þá, eins og sakir standa, vart annað til greina en visitöluþryggingu húsnæðismálastjórnar. Sífellt skortir lánsfé til íbúðabygginga í landinu, en með því að nota söfnunarféð í þessu skyni mætti í framtíðinni, þegar söfnunin eflist, gera stóráttak í húsnæðismálum fyrir þetta fé. Engum er það meira hagsmunamál en unga fólkinu, að nægilegt lánsfé sé fyrir hendi til íbúðabygginga.

Eigi hefur verið athugað, hvort þær visitöluuppbætur, sem nú eru greiddar af skuldabréfum húsnæðismálastjórnar, nægja til að standa undir uppbótum samkvæmt þessari grein.

Um 6. gr.

Nauðsynlegt er að setja ýtarlegri reglur um sparifjársöfnunina og framkvæmd hennar með reglugerð. Er sjálfsagt, að sú reglugerð sé sett í samráði við Landsbanka Íslands, sem á að hafa alla framkvæmd söfnunarinnar með höndum.

Um 7. gr.

Þarfnast ekki skýringa.